

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Hafnarfjörður, 16.02.2024

Efni: Frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Undirrituð styðja frumvarpið en þó aðeins ef um er að ræða tímabunda lausn á mjög afmörkuðum hluta þess bráða vanda sem skapast hefur sökum náttúruhamfara í Grindavík og með nokkrum athugasemdum.

Undirrituð gera athugasemdir við hversu langur tími er liðinn frá því að röskun eða stöðvun varð á atvinnustarfsemi í Grindavík þar til drög að þessu lagafrumvarpi koma fram.

Undirrituð gera einnig athugasemd við hve takmarkað tímabil um ræðir, eða frá nóvember 2023 til og með apríl 2024.

Grindin ehf er með tvíþættan rekstur:

- Annars vegar trésmíðaverkstæði þar sem öll starfsemi er bundin við húsnæði okkar í Grindavík. Starfsemi verkstæðisins hefur verið háð aðgengi að Grindavík, en aðgengismálin eru mál í annað frumvarp. Allar rekstrarforsendur trésmíðaverkstæðisins eru brostnar þar sem framleiðsluöryggi er ekki tryggt. Viðskiptavinir munu hugsa sig tvisvar um áður en stofnað er til viðskipta við okkur þar sem afhending innréttinga er háð aðstæðum í Grindavík hverju sinni.
- Hins vegar erum við í almennri byggingaverktöku og byggingu íbúðarhúsnæðis í Grindavík. Þann 10.nóvember var verkefnastaða útideildarinnar sterk, aldrei sterkari. Öll verkefni verktakastarfseminnar voru í Grindavík og við Bláa Lónið. Reynt hefur verið að finna verkefni utan Grindavíkur fyrir starfsmenn á meðan aðgengi að Grindavík og Bláa Lóninu er með þeim hætti sem raun ber vitni. Á meðan starfsemi er takmörkuð eða engin í Grindavík þá þarf að koma upp aðstöðu utan Grindavíkur til að geta starfað.

Kostnaður við að reyna að halda úti takmarkaðri starfsemi er mikill og óháður rekstrinum sem áður var, t.d. ferðakostnaður og fæðiskostnaður. Fyrirtækið er með í byggingu þrjú íbúðarhúsnæði sem eru foheld, ekki fást þau greidd og ekki getum við haldið áfram byggingu þeirra.

Athugasemdir um efni frumvarpsins og ábendingar um önnur atriði sem tengjast málefnum

Rekstrarstuðningur þessi nýtist best þeim fyrirtækjum sem hafa verið lokað á tímabilinu sem um ræðir. Þau fyrirtæki sem hafa reynt að halda úti starfsemi að öllu eða einhverju leyti gætu orðið af styrkjum sem í boði eru þrátt fyrir mikinn kostnað við að halda úti starfsemi.

Styrkfjárhæð jafngildir rekstrarkostnaði að frátöldum launakostnaði vegna tímabundins stuðnings til greiðslu launa. Stuðningur til greiðslu launa nær þó ekki yfir allan launakostnað og fellur sá kostnaður þá á launagreiðanda. Þessi kostnaður sem út af stendur á að vera hluti rekstrarkostnaðar.

Hvati þarf að vera fyrir launþega til að sækja vinnu áfram til Grindavíkur. Atvinnurekendur gera sér fulla grein fyrir að enginn rekstrargrundvöllur er í Grindavík ef launþegar leita annað sökum kostnaðar og umstangs við að koma sér í vinnu.

Jafnræði þarf að ríkja um uppkaupt íbúðarhúsnæða sama hvort eignarhald er á höndum einstaklinga eða lögaðila.

Í framhaldi af þessu frumvarpi þarf að fara í frekari aðgerðir sem miða af langtímalausnum. Þessar langtímalausnir þurfa að ná yfir mismunandi þarfir fyrirtækja til að starfa áfram, færa sig um set eða hætta starfsemi sökum brostinna rekstrarskilyrða.

- Áframhaldandi rekstrarstuðningur við þá sem vilja starfa áfram á svæðinu.
- Stuðningur til að færa rekstur yfir í annað bæjarfélag til framtíðar eða tímabundið á meðan óvissuástand ríkir. Hvati þarf að vera til staðar svo fyrirtæki snúi aftur til Grindavíkur.
- Uppkaup atvinnuhúsnæða líkt og til stendur að gera hvað varðar íbúðarhúsnæði. Vísun við til umsagnar Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði.

Að lokum þarf að tryggja fyrirsjáanleika hvað varðar aðgengi að Grindavík og framtíðarsýn Grindavíkur, bæði hvað varðar atvinnu og búsetu, þarf að liggja fyrir ef starfsemi á að hefjast á ný í Grindavík.

Virðingarfyllt,
Arna Magnúsdóttir
Magnús Guðmundsson